

Útihreyfingin  
Melhagi 1  
107 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2024  
UST202310-200/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir starfsemi á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Útihreyfingarinnar, dagsett, 15. febrúar 2024 um breytingu á áður útgefnu leyfi dagsett 21 desember 2023, um leyfi til að halda hlaupaviðburð innan Kerlingarfjalla.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 822/2020](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Óheimilt er að raska hverum og öðrum uppsprettum á svæðinu. Óheimilt er að hafa áhrif á lífríki sem tengist hverum og öðrum heitum uppsprettum nema með leyfi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi á svæðinu án samnings um slíka starfsemi við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélag. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

### **Lýsing verkefnis:**

Breytingarnar sem óskað er eftir að fá að gera snúa að fjölda þáttakenda, uppfærslu á verklýsingu og möguleika á skipulagningu bílastæðis fyrir þáttakendur/áhorfendur. Sótt er um leyfi til að halda Ultra fjallahlaup innan verndarsvæðisins í Kerlingarfjöllum 27. júlí 2024. Um er að ræða 3 hlaupaleiðir 11 km, 22 km, og 65 km. Kort sem sýnir hlaupaleiðirnar og staðsetningu drykkjastöðva fylgdi með umsókn. Leiðirnar yrðu allar hlaupnar réttisælis og merktar með litlum flöggum á járnpinnum sem er stungið ofan í svörðin. Leiðirnar yrðu merktar deginum áður (fer eftir veðurspá) og hreinsaðar upp strax og síðustu hlauparnir hafa farið leiðirnar. Þrjár drykkjastöðvar yrðu við Setursveg, við Kistubotnaskála og við Klakkskála. Þar yrði að minnsta kosti sett upp útilegu borð með könnum og vatnsbelgjum. Tvær drykkjastöðvar við Hveradali og skarðið á milli Skeljafells og Kerlingartinds yrðu einfaldari þar sem bera þarf vatn á þær stöðvar. Allir keppendur myndu bera með sér fjölnota drykkjarílát. Upphafs og endapunktur hlaupsins yrði öðru hvoru megin við brúnna yfir Áskarðsá fyrir neðan hótelið. Þar yrði komið fyrir tímatökubúnaði, flöggum og borðum með drykkjum og einhverri næringu. Gert er ráð fyrir 100 þáttakendum í 11 km hlaupið, 150 þáttakendum í 22 km hlaupið og 50 þáttakendum í 63 km hlaupið. Vegalengdirnar yrðu startaðar á mismunandi tíma til að komast hjá því að margir séu á sama tíma á viðkvæmasta svæðinu í Hveradöllum, Starfmenn verða settir til aðstoðar á viðkvæmum svæðum, Upplýsingar um friðlýsingu svæðisins og viðkvæmni þess auk hvatningu til góðrar

umgengni verður bæði sett á vefsíðu hlaupsins sem og sent út á skráða þátttakendur í aðdraganda hlaups. Nákvæm útfærsla á leiðunum verður unnin í samráði við Umhverfisstofnun í sumar. Kannað verður með að skipuleggja bílastæði við Spítalann til að létta á umferð um sjálft Ásgarðssvæðið.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur viðburðinn er ekki líklegan til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða verndargildi svæðisins, en þó mun hann valda tímabundinni truflun á upplifun annarra gesta vegna mikillar umferðar á vegum á meðan keppni stendur. Stofnunin telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum hlaupaviðburðarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir útihreyfingunni fyrir sitt leyti leyfi fyrir hlaupaviðburði innan Kerlingarfjalla sbr. lýsingu hér að ofan þann 27. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig þátttakendum og starfsmönnum er komið á staðinn og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefna lýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- A.m.k. 3 dögum áður en keppnin hefst skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins/keppnisleiðar þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup/keppnishald.
- Auglýsa skal hlaupið vel og upplýsa aðra gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða á hlaupaleiðum á meðan á hlaupinu stendur.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í hlaupinu verði ekki meiri en kemur framk í verklýsingu hér fyrir ofan.
- Óheimilt er að hlaupa utan vega og merktra stíga innan verndarsvæðisins.
- Hlaupurum er óheimilt að taka fram úr í brekkunum í Hveradölum og Hverabotni þar sem svæðið er mjög viðkvæmt þar.
- Stjórnendur hlaupsins/keppinnar gefi sig fram við landverði svæðisins og upplýsi þá um hvenær undirbúningur á svæðinu hefst og hvenær frágangi er lokið.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði í samráði við landverði
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum, farið yfir hlaupaleið og úrgangur sem keppendur hafa misst fjarlægður og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Óheimilt er að aka utan vega og skulu starfsmenn sem koma að hlaupinu einungis aka eftir merktum vegum.

- Mælist er til þess að þátttakendur komi á svæðið í skipulögðum rútuferðum á vegum viðburðarins þar sem bílastæði eru takmörkuð og vegasamgöngur erfiðar.
- Gæta skal þess að þátttakendur og aðilar tengdir þeim teppi ekki öll bílastæði sem ætluð eru gestum svæðisins.
- Ef skipuleggja á viðbótarbílastæði skal það gert í samráði við Umhverfisstofnun.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er í Ásgarði, við skála, drykkjarstöðvar eða á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Drykkjarstöðvar skulu vera staðsettar á malarplönnum við skála þar sem engin hætta er á að viðkvæmur gróður skaðist. Á öðrum svæðum skal staðsetning drykkjarstöðva ákveðin í samráði við starfsmenn Umhverfisstofnunar sem fara með umsjón svæðisins. Vanda skal til við frágang drykkjstöðva og afmá allt rask.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi lögreglu, sveitarfélags og vegargerðarinnar gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimti gjald fyrir afgreiðslu umsóknarinnar sem afgreitt var 21. desember 2024. Ekki er rukkað fyrir breytingu á leyfinu.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson  
**svæðissérfræðingur**

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**